



### Bryndís Embla setur Íslandsmet og með lengsta kast U18 í Evrópu á árinu

Iðkendur frá Frjálsípróttaiðeild Selfoss átti afar glæsilega daga á Gautarborgarleikunum sem fram fóru á Slottsskogsvallen í Gautaborg dagana 25.–28. júní.

Um 3.000 keppendur frá 27 þjóðum tóku þátt í mótinu þar sem iðkendur skiluðu fjölmörgum persónulegum bætingum, HSK-metum, Íslandsmetum og verðlaunasetum.

Bryndís Embla Einarsdóttir sigraði í spjótkastrí U18. Hún kastaði spjóttinu hvorki meira né minna en 57,02 m sem er hennar besti árangur með 500 g spjót.

Kastið er mótsmet á Gautarborgarleikunum, Íslandsmet í U18 & nýtt HSK met. Kastið skaut henni í toppsætið U18 í Evrópu og á þriðja sæti heimlistans. Algjörlega frábær árangur hjá Bryndísi Emblu.

Hægt er að lesa nánar um frammistöðu keppanda á Gautarborgarleikunum á umfs.is. *UMFS*



Ljósmynd: Raket Ýr Stefánsdóttir.

Tónlistarhátíðin Hverafugl var haldin í Hveragerði í fyrsta skipti með glæsibrag dagana 26. til 28. júní sl.

Dagskráin var fjölbreytt þar sem samtímatónlist, ólík listform og einstakt umhverfi Hvera-

gerðis runnu saman. Tónleikar, gjörningar og innsetningar fóru fram víðs vegar um bæinn og lögðu áherslu á tengsl tónlistar við náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Listrænt teymi Hverafugls

skipa Halldór Smáráson, Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir og Lilja María Ásmundsdóttir.

„Viðtökurnar sem hátíðin fékk, öll hlýjan og gleðin voru dýrmæt hvatning til að halda áfram og gera Hverafugl að árlegum viðburði,“ segir Hverafuglsteymið í samtali við Dagskrána.

Á hátíðinni komu fram fjölmargir tónlistarmenn og listamenn, þar á meðal CAPUT, KIMI Ensemble, Melchior, auk fjölda einleikara og tónskálda svo eitthvað sé nefnt. Hátíðin var styrkt af Hveragerðisbæ, Tónlistarsjóð, Uppbyggingarsjóði Suðurlands, Hótel Örk og Kjörís.

„Við hjá Hverafugli erum mjög þakklát öllu því fólki sem kom að því að láta hátíðina verða að veruleika; listafólki, þátttakendum, gestum og heimamönnum sem tóku okkur og Hverafugli opnum örmum og studdu hátíðina með því að mæta svo vel á viðburðina.“




Ljósmynd: Raket Ýr Stefánsdóttir.

### Þriðji Evrópu-meistararitill Önnu Guðrúnar

Hvergerðingurinn Anna Guðrún Halldórsdóttir varð Evrópumeistari í flokki W55 -86 kg. á Evrópumeistaramóti öldunga í ólympískum lyftingum. Keppnin fór fram í Waregem í Belgíu dagana 19. – 27. Júní sl..

Anna Guðrún lyfti 58 kg í snörun og 76 kg í jafnhendingu, samtals 134 kg og tryggði sér þar með gullverðlaunin. Þetta er jafnframt þriðji Evrópumeistararitill hennar í röð. Hún hafnaði jafnframt í 16. sæti af 417 keppendum sem klárðu keppni þvert á flokka.

Alls kepptu nú keppendur fyrir Íslands hönd og uppskáru íslenska lyftingafólkið okkar tvo Evrópumeistararitla auk fjölda góðra einstaklingsárangra.



Anna Guðrún Halldórsdóttir með gullverðlaun sín eftir sigur í W55 -86 kg á Evrópumeistaramóti öldunga í Waregem í Belgíu. Þetta er þriðji Evrópumeistararitill hennar í röð.

## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA ER HAFIN



Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

**Toyota**  
Selfossi



**ADALSKOÐUN**  
Eyravegur 51, 800 Selfoss  
Sími 590-6996

Fyrir öruggari morgundag,  
komdu í skoðun í dag



## Við prentum ljósmyndir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



## Gnúpverjahreppur/Pjósárdalur

Ferðanefnd FEBSEL býður upp á sumarferð með Sigurði Páli Ásólfsyni þriðjudaginn 14. júlí 2026

Lagt verður af stað frá Grænumörk kl 9:45  
Ekið sem leið liggur upp í Gnúpverjahrepp þar sem við hittum Sigurð Pál og njótum leiðsagnar hans. Hádegisverður snæddur í Árnesi.

**Verð pr. mann er kr.12.000,-.**

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

**Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.**

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þáttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Einnig er hægt að skrá sig á Facebook-síðu FebSel.

**Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síðasta lagi 8. júlí.**

**Hlökkum til fararinnar.**

Helgi s. 860 7032  
Ingibjörg s. 864 2972  
Vigdís s. 893 6564



## Fyrsta styrkveiting úr Hörpusjóðnum: "Voices of Vík" hlýtur eina milljón króna

Á aðalfundi Samtaka sunn-Íslenskra sveitarfélaga, sem fram fór í Þorlákshöfn 25. júní, var úthlutað úr Hörpusjóðnum í fyrsta skipti. Alls bárust 13 metnaðarfullar umsóknir í sjóðinn að þessu sinni. Það var samfélagsverkefnið „Voices of Vík: Language, Culture & Community“, undir forystu Ann Irene Peters, sem hlaut styrk ársins 2026 sem nemur 1.000.000 króna.

### Til minningar um Hörpu Elínu

Hörpusjóðurinn er nýr samfélagsjóður sem SASS setti á laggirnar til minningar um Hörpu Elínu Haraldsdóttur, sem var ötull talsmaður þess að taka vel á móti nýjum íbúum og draga fram það sem sameinar fólk á hverjum stað.

Markmið sjóðsins er að styðja við félagslega og menn-

ingarlega aðlögun nýrra íbúa á Suðurlandi, óháð þjóðerni, tungumáli eða bakgrunni. Sjóðnum er ætlað að auka samheldni og gagnkvæman skilning milli nýrra og rótgróinna íbúa og stuðla þannig að lifandi og öruggum samfélögum í landshlutanum. Verkefnið „Voices of Vík“ þótti fanga þennan kjarna og þær áherslur sem sjóðnum er ætlað að styðja við.

### Fjölbreyttir viðburðir og virk þátttaka

Verkefnið er hannað til að styrkja tengsl, þátttöku og tilfinningu fyrir því að tilheyra í hinu fjölmennningarlega samfélagi í Vík í Mýrdal. Á tímabilinu ágúst 2026 til júlí 2027 verður staðið fyrir fjölmörgum viðburðum þar sem markmiðið er að efla samskipti milli íbúa með íslenskan og erlendan bakgrunn, draga úr

félagslegri einangrun og auka samfélagslega samkennd.

Meðal helstu verkefnaþátta eru tungumálakaffihús sem haldin verða tvisvar í mánuði þar sem þátttakendur fá tækifæri til að æfa tungumálið í óformlegu og notalegu umhverfi. Einnig verða haldin sögukvöld við eldinn þar sem þjóðsögur, reynslusögur og menning verða í brennidepli og skapa vettvang fyrir miðlun og samtal. Þá verða skipulögð kvikmyndakvöld sem eru ætluð íbúum á öllum aldri og stuðla að sameiginlegri afþreyingu. Loks verður efnt til „Vík's Got Talent“, hæfileikasyningar þar sem íbúar fá tækifæri til að sýna hæfileika sína og deila menningu sinni með samfélaginu.

### Viðtæk áhrif í nærsamfélaginu

Áætlað er að verkefnið muni hafa víðtæk og jákvæð áhrif í nærsamfélaginu á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að um 650 manns taki þátt í viðburðunum á tímabilinu og að einstaklingar af að minnsta kosti 15 ólíkum þjóðernum muni leggja hönd á plóg eða njóta góðs af starfseminni. Þá munu yfir 20 sjálfboðaliðar koma að framkvæmdinni.

SASS óskar Ann Irene Peters og íbúum í Mýrdalshreppi innilega til hamingju með styrkinn og hlakkar til að fylgjast með þessu mikilvæga inngildingarverkefni blómstra á komandi misserum.



## Líf og fjör í Árborg í sumar

Sveitarfélagið Árborg er þekkt fyrir líflegt og fjörugt viðburðahald yfir sumartímam og það heldur áfram næstu vikurnar. Jónsmessan, Bryggjuhátíð, Kótelettan og Sumar á Selfossi eru hluti af flóru fjölskylduhátíða sem gefa sannarlega tilefni til heimsóknar á Suðurlandið í sumar.

### Hver vika skipulögð undir hátíðir

Nú um helgina er Jónsmessuhátíð á Eyrarybakka sem nær hámarki á laugardaginn með Jónsmessubrennu og söng í fjörinni. Bryggjuhátíð á Stokkseyri er svo haldin laugardaginn 4. júlí en þá bjóða Stokkseyringar til skemmtidagskrár í bænum sem lýkur með kvöldskemmtun við bryggjuna. Grill- og tónlistarhátíðin „Kótelettan“ fer fram dagana 9. til 12. júlí og Sumar á Selfossi lokar sumrinu dagana 6. til 9. ágúst. Þá skreyta íbúar Selfoss í hverfalitunum og mæta í sléttusöng í Sigtúnsgarðinum. Ekki má gleyma íþróttaleikjum og mótum, tónleikum, söfnunum og öðrum viðburðum sem lita samfélagið lífi á hverjum degi. Nánari upplýsingar um bæjarhátíðir í Árborg má finna á [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

### Málefni leikskóla í góðum farvegi

Vel gengur að úthluta leikskólaláttum og nú þegar hafa öll börn fædd í apríl 2025 og áttu umsókn fengið úthlutað plássi í leikskóla frá og með næsta hausti. Það er ánægjulegt að sveitarfélagið geti úhlutað svo mörgum börnum rými en haustið 2026 eru um 700 börn í leikskólum Árborgar. Framkvæmdir eru komnar vel af stað við stækkun Jötunheima og ætlunin er að halda áfram uppbyggingu til að mæta þörf til framtíðar. Það er gleðilegt að sjá að umsóknir um heimgreiðslur eru fleiri en við gerðum upphaflega ráð fyrir, og frábært að þessi valkostur sé að nýttast foreldrum. Efling leikskóla í sveitarfélaginu er meðal lykil verkefna bæjarstjórnar.

### Hækkum ekki umfram 2,5 prósent

Bæjarráð Árborgar tók þá ákvörðun í júní að leggja skýra línu við vinnu fjárhagsáætlunar 2027. Ef til þess kemur að hækka þurfi almennar gjaldskrár verður það ekki umfram 2,5 prósent verðbólguþáttum Seðlabanka Íslands. Bæjaryfirvöld vilja með



þessu sýna í verki vilja sinn til að ná niður verðbólgu í landinu og um leið létta undir með íbúum og fyrirtækjum í Árborg. Bæjarráð skoraði jafnframt á ríkisvaldið og önnur sveitarfélög að fylgja þessu fordæmi og gefa skýr skilaboð um mikilvægt hlutverk sitt í því að ná niður verðbólgu í landinu.

Það er sannarlega mikið um að vera í Sveitarfélaginu Árborg í sumar og ég hvet íbúa að taka þátt í hátíðarhöldum og íþróttaleikjum. Af nægu er að taka og ættu allir að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

*Bragi Bjarnason, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg*

**RISA ÚTSÖLU BLAÐ**

Skoðaðu öll tilboðin

**HÚSASMÍÐJAN**
**blómaval**

# SUMMAR ÚTSALA

## Hefst á fimmtudag

Fjólærar plöntur **30-50%** • Sumarblóm **30-50%** • Garð- og trjáplöntur **30-50%** • Útipottar og ker **30%** • Bastkórfur **30%**  
 Garðstyttur og garðskraut **30%** • Fræ **30%** • Sáðbakkar og pottar **30%** • Púðar, teppi og mottur **30%**  
 Pallaolía, viðarvörn og útimálning **30%** • Grill (gildir ekki af Weber) **25-33%** • Grilláhöld (Enders og Landman) **20%**  
 Sláttuvélar og slátturóbótar **25%** • Rafmagnsgarðverkfæri (Black + Decker) **25%** • Garðverkfæri **25%** • Garðhúsgögn **30-40%**  
 Útileguvörur **30-50%** • Partytjöld **30%** • Markísur **30%** • Innimálning (Vegg&Tak og LADY Essence) **30%** • Smáraftæki **25%**  
 Rafmagnsreiðhjól **15%** • Reiðhjólafylgihlutir **25%** • Hnífapör og ýmis eldhúshöld **30-50%** • Matarstell og könnur **30%**  
 Pottar, pönnur, katlar og hitakönnur **30-50%** • Bökunarvörur **30%** • Matarlitir **40%** • Hreinsivörur **25%**  
 Sorpflokkunarvörur **30%** • Útivistarfatnaður **25%** • Vinnufatnaður **25%** • Regnföt **25%** • Barnaöryggisvörur **30-40%**  
 Vinnuöryggisvörur **20%** • Vinnuvettlingar **20%** • Valdir heitir pottar **25-36%**  
 Baðinnréttingar og salerni (Valdar vörur frá Laufen) **35-50%** • Blöndunartæki (Ferro) **30%**  
 Stálvaskar (Reginox) **25%** • Verkfæri (Valdar vörur Neo og Graphite) **36-40%**

... og margt fleira

ALLT AÐ

50%

afsláttur

Bit með lýtværa um gremvillur og myndavél. Útval gætur verið mótjamt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilbúðvörum og „Lægsta lúga verð“ Húsasmíðjunnar.

# Háskólafélag Suðurlands og Drift undirrita samstarfssamning um Kveikjuna Suðurland

Háskólafélag Suðurlands og Drift EA á Akureyri hafa undirritað samstarfssamning um Kveikjuna Suðurland, nýtt verkefni sem ætlað er að efla nýsköpun og þróun innan starfandi fyrirtækja á Suðurlandi. Verkefnið tengir saman rötgróin fyrirtæki, sprotafyrirtæki og fræðasamfélagið með það að markmiði að styðja við vöruþróun, auka samkeppnishæfni og skapa verðmæt tengslanet. Kveikjan Suðurland er eitt af áhersluverkefnum SASS.

Drift EA er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur á Akureyri sem vinnur að því að efla nýsköpun, styðja við uppbyggingu fyrirtækja og skapa vettvang fyrir samstarf atvinnulífs, fjárfesta, frumkvöðla og fræðasamfélags. Drift EA var stofnað árið 2024 og hefur síðan þá byggt upp öflugt nýsköpunarumhverfi á Norðurlandi og þróað aðferðir sem tengja saman atvinnulíf, frumkvöðla og fræðasamfélagið. Með Kveikjunni Suðurland er sú reynsla og þekking nú nýtt til að styðja við nýsköpun og verðmætasköpun hjá fyrirtækjum á Suðurlandi. Kveikjan Suðurland byggir á aðferðafræði Ignite Nordic og snýst um að leysa raunverulegar áskoranir atvinnulífsins með því að virkja krafta frumkvöðla, nýsköpunarteyma og fræðasamfélagsins.

Markmið samstarfsins er að innleiða aðferðafræði Ignite Nordic á Suðurlandi til að styðja við nýsköpun, nýliðun og verðmætasköpun í atvinnulífi á Suðurlandi. Verkefnið felst í því að tengja raunverulegar áskoranir starfandi fyrirtækja við lausnir frumkvöðla og nýsköpunarteyma frá Íslandi, Nor-



egi og Svipjód, auk nemenda úr íslensku fræðasamfélagi.

Þátttakendur í verkefninu fá sérsniðna ráðgjöf, aðgang að öflugum nýsköpunarumhverfi og tækifæri til að vinna að þróunarverkefnum sem geta haft bein áhrif á rekstur fyrirtækja. Hluti af kjarna samstarfsins er jafnframt að efla samtal og tengsl milli fyrirtækja á svæðinu, frumkvöðla og nemenda og para saman áskoranir fyrirtækja við ferskar hugmyndir og nýjar lausnir.

„Með Kveikjunni Suðurland er verið að opna nýjar leiðir fyrir fyrirtæki til að halda áfram að þróast, takast á við áskoranir með nýjum hætti og byggja upp sterkari tengsl við frumkvöðla og þekkingarsamfélagið. Það er afar ánægjulegt að sjá hversu vel fyrirtæki á Suðurlandi hafa tekið þessu verkefni,“ segir Ingvaldur Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.

„Á Suðurlandi er öflugt atvinnulíf og mikil gróska sem skapar kjöraðstæður fyrir ný-

sköpun. Með Kveikjunni Suðurland viljum við tengja saman fyrirtæki, frumkvöðla og fræðasamfélagið til að leysa raunverulegar áskoranir og skapa ný tækifæri til vaxtar og verðmætasköpunar. Við hlökkum til að sjá verkefnið vaxa í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og fyrirtæki á svæðinu,“ segir Sesselja Barðdal, framkvæmdastjóra Driftar EA.

Mikilvægi verkefnisins fyrir Suðurland felst í því að byggja upp nýjan samstarfsvettvang þar sem fyrirtæki, frumkvöðlar og þekkingarsamfélagið vinna saman að þróun nýrra lausna. Verkefnið fellur jafnframt vel að áherslum í gildandi atvinnu-málastefnu 2025–2029 fyrir neðri hluta Árnæssýslu, þar sem sérstök áhersla er lögð á að efla nýsköpun meðal starfandi fyrirtækja. Með samstarfinu skapast aukin nýsköpunarhæfni, ný samstarfsverkefni og sterkari grunnur fyrir framtíðarþróun atvinnulífs á Suðurlandi.



## Sunnlenski matgæðingurinn



### Kjúklingaborgari með meðlæti

Matgæðingur vikunnar er Björgvin Bjarnason.

Takk Bjarki fyrir áskorunina að vera næsti matgæðingur vikunnar.

Ég ætla að deila með ykkur uppskrift að kjúklingaborgara og meðlæti.

#### Kjúklingaborgari með meðlæti

Mexíkó grillbringur frá Holta  
Hamborgarbrauð  
Ostur  
Ferskt salat

Grillið Holta grillbringurnar í 4 mín á hvorri hlið og setjið ost yfir síðustu mínúturnar.

Berið fram í hamborgarbrauðum með borgarasósu og fersku salati á milli ásamt ofnbökudum kartöflum.

#### Borgarasósa

3 msk. grísk jógúrt  
5 msk. majónes  
1 tsk. síróp  
1 skalottlaukur, saxaður smátt  
1 vorlaukur, saxaður smátt  
1-2 msk. af Jalapeno í krukku, saxað smátt  
1 msk. af súrum gúrkum, saxaður fínt  
1 msk. fersk steinselja  
Salt og svartur pipar

Skerið smátt niður vorlauk, skalottlauk og steinselju, setjið í skál og blandið majónesi og



grísku jógúrti saman við ásamt sírópi. Kryddið til með salti og pipar. Bætið jalapeno saman við í lokin og það er ágætt að bæta honum smám saman við, setjið lítið af honum til að byrja með og smakkið til að smekk, bætið við ef þið viljið sterkari sósu.

#### Ofnbakaðar kartöflur með parmesan

15 meðalstórar kartöflur  
1,5 dl af olíu  
2 pressuð hvítlauksrif  
4–6 msk. af parmesanosti

Hitið ofninn í 200 °C. Skerið kartöflur í bita og setjið öll hráefnin í skál og blandið saman.

Setjið kartöflur í eldfast mót og inn í ofn í 30 til 35 mín. Gott er að snúa þeim nokkrum sinnum á meðan þær eru í ofninum.

Ég ætla að skora á elsta soninn, Pál Jóhannsson, matgæðing og veiðimann, að koma með uppskriftir að einhverjum kræsingum í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Við prentum ljósmyndir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944  
[solfoss@prentmetoddi.is](mailto:solfoss@prentmetoddi.is)

SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER



## DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).  
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, [saebjorg@dfs.is](mailto:saebjorg@dfs.is).  
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

## Gáta vikunnar

Peysa og húfa eru úr, einn að fá í putta kveið. Inni á baði oft með flúr, agnarlitil kökusneið.

Svar við gátu í blaði 2858: EFTIR

1. Eftirbátur - 2. Eftirleitir
3. Eftiríking - 4. Eftirprentun



Ljósmynd: Stefania Reynisdóttir.

## Sterk frammistaða UMFS-keppenda í Sólbrekku

Fyrsta umferð í Íslands-mótinu í motocross fór fram í Sólbrekku þann 13. júní síðastliðinn á vegum Vélhjólaiþróttafélags Reykjanes. Keppendur frá UMFS stóðu sig með þryði og náðu góðum árangri í sínum flokkum.

Alexander Adam sigraði í MX1 flokkinn og Eric Máni fór með sigur af hólmi í MX2

flokki. Í kvennaflokki lenti Ásta Petrea í öðru sæti.

Veður setti svip sinn á keppnisdaginn en mikið rok og sól gerðu keppendum nokkuð erfitt fyrir. Þurr braut og rok ollu því að mikið ryk lá yfir svæðinu, sem reyndi á bæði keppendur og áhorfendur.

UMFS

# Skítamóral í Aratungu um Verslunarmannahelgina

Góðsagnakennd sveitaballas-temning verður endurvakin í kvöldvökuformi þegar Skítamóral býður til „Syngja með kvöldvöku“ í Aratungu laugardagskvöldið 1. ágúst.

Aratunga er eitt þeirra húsa sem skipar sérstakan sess í skemmtanasögu uppsveitanna. Nú gefst tækifæri til að upplifa þá stemningu á ný. Laugardagskvöldið 1. ágúst býður Skítamóral til „Syngja með kvöldvöku“ þar sem markmiðið er að endurvekja andrúmsloftið sem margir muna úr Aratungu, Árnesi, Borg í Grímsnesi og Njálshúsi. Þetta verða hvorki hefðbundnir tónleikar né sveitaball fram á nótt, heldur kvöld þar sem fólk kemur saman, syngur með lögnum sem það kann utan að og nýtur góðrar samveru.

„Okkur hlakkar gríðarlega til. Það er þó nokkuð síðan við spilum í Aratungu og við vitum að um allar uppsveitirnar verður fullt af fólki um Verslunarmannahelgina sem langar að lyfta sér aðeins á kreik án þess að vaka fram undir morgun. Þess vegna finnst okkur þessi kvöldvökuhugmynd passa einstaklega vel,“ segir Arngrímur

Fannar Jónsson, gítarleikari Skítamóral. Hann segir kvöldið einnig hafa sérstaka persónulega þýðingu „Þetta er mér afskaplega kært því ég á sjálfur ætíð að rekja til Reykholts í Biskupstungum og á þar fjölda ættingja og vina. Það verður því sérstaklega gaman að koma aftur í Aratungu og fylla húsið af söng og góðri stemningu.“

Kvöldvakan hefst klukkan 21:00 en húsið opnar klukkan 20:00. Aðeins verða 250 sæti í boði og verður setið við borð á meðan Skítamóral flytur öll lög in sem hafa fylgt landsmönnum í gegnum árin.



„Við erum ekki að reyna að endurskapa ballið sjálft heldur tilfinninguna. Stemninguna þegar allt húsið söng með. Þetta verður sannkölluð sveitaballas-temning í kvöldvökuformi þar sem allir geta notið kvöldsins, sungið með og verið komnir heim á skynsamlegum tíma,“ segja skipuleggjendur.

Miðasala hefst mánudaginn 6. júlí klukkan 12:00 á Tix.is. Reiknað er með miklum áhuga enda eru aðeins 250 miðar í boði á þessa einstöku kvöldstund í einu þekktasta félagsheimili landsins.

## Bláskógabyggð leitar eftir eiganda óskilahross.

Rauðstjörnnótt glófext hryssa, tveggja til fjögurra vetra og í góðum holdum, var handsömuð við Laugarvatn laugardaginn 20. júní sl, sjá meðf. mynd. Hryssan er stýgg og örmerki hefur ekki fundist.

Ef enginn eigandi finnst verður hrossið selt á uppboði með vísan til 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Bláskógabyggðar, sími: 480 3000 og á netfanginu [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is)



# Svansvottuð pallaolía



Flügger

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14  
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13  
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16  
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14  
Opið hús

Fimmtudagar lokað  
Viðburðir auglýstir sérstaklega á  
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13  
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði  
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300  
arnessysla@krabb.is  
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag  
Arnessýslu/Brossið/Smáranir

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn  
Mánudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1  
Mánudaga Kl.18 - Konur  
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

## KIRKJUR

## Aðventistar

Guðsþjónusta laugardaginn 4. júlí kl. 10:00. Biblíurannsókn og predikun. Barna- og unglingastarf á sama tíma. Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista, Eyravegi 67 - Selfossi. Allir hjartanlega velkomnir.

## Útiguðsþjónusta í Arnarbæli

Sunnudaginn 5. júlí kl. 14 verður hin árlega útiguðsþjónusta haldin í kirkjugarðinum í Arnarbæli í Ölfusi. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsóknna leiðir söng, organisti er Pétur Núi Stefánsson og sr. Salvar Geir Guðgeirsson þjónar. Að guðsþjónustu lokinni býður Kotstrandarsókn og kirkjukórinn í kirkjukaffi. Við mælum með að fólk taki með útilegustóla eða teppi til að sitja í grasinu. Ef veðrið leikur ekki við okkur verður guðsþjónustan flutt í Kotstrandarkirkju.

## Búrfellskirkja í Grímsnesi

Sumarmessa 5. júlí kl 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari og prédikar. Almennur safnaðarsöngur og fallegir sálmar. Glúmur Gylfason leikur á fótstigna orgelið. Kirkjukaffið verður úti í náttúrunni eða í kirkjuandyrinu ef það skyldi rigna. Innilega velkomnir í falletgu Búrfellskirkju.

## Skálholtsdómkirkja

Messa 5. júlí kl 11 með þátttöku Sumartónleika í Skálholti. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari ásamt sr. Kristjáni Val Ingólfssyni fv. vígslubiskupi sem einnig prédikar. Benedikt Kristjánsson, stjórnandi Sumartónleikanna leikur undir almennan safnaðarsöng. Að auki verður boðið upp á tónverkið „An Evening Hymn“ eftir Henry Purcell við texta William Fuller, í flutningi Benedikts Kristjánssonar tenór-söngvara og Sergio Coto, sem leikur á Teorbu. Hér er boðið til veislu og allir eru innilega velkomnir. Sjá alla viðburði Sumartónleikanna á sumartonleikar.is

## Sólheimakirkja

Sumarmessa á afmæli Sólheima 5. júlí kl 14. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir fv. vígslubiskup þjónar og tónar, Ester Ólafsdóttir er organisti og leiðir safnaðarsöng. Opið á Grænu könnunni fyrir hressingu. Innilega velkomnir!

## Eyrarbakakirkja / Stokkseyrarkirkja

Sunnudaginn 5. júlí verður göngu- og íhugunarmessa. Byrjað verður í Eyrarbakakirkju kl. 14:00 og gengið eftir fjöru- stígnum í Stokkseyrarkirkju. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

## Hvítasunnukirkjan

Samkoma á sunnudögum kl. 11:00. English translation available. Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00. Allir innilega velkomnir. Hvítasunnukirkjan Selfossi Austurvegi 40b.

## TAPAD/FUNDIÐ

TÝND KISA  
50.000 KR FUNDARLAUN

Perla hvarf á Selfossi annan í páskum. Brún/grá röndótt fingerð læða með gul/græn augu og skarð í eyra, örmerkt. Perlu er sárt saknað. Allar upplýsingar vel þegnar. S: 866 4080



## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir  
sumarhúsið  
og garðinn

Palla og skjólgirðingar  
Viðbyggingar og  
breytingarnar  
Viðhald og endurbætur  
Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

löggildur húsasmíða og  
rafvirkja meistari  
jgrettisson@gmail.com



## RAFVÉLATEKNI

## Vantar þig rafvirkja?

Ahliða rafvirkta  
Sérfræðingur í stjórnskiptum,  
mótorstyringum og veltangdurt lausum

HAFDU SAMBAND  
419-8700 | rvt@rvt.is  
www.rvt.is

## Englar og menn í Strandakirkju

Hin árlega tónlistarhátíð, Englar og menn í Strandarkirkju í Selvogi hefst sunnudaginn 5. júlí nk. með tónleikum kl. 14.

Þetta er fimmtánda starfsár hátíðarinnar. Margir koma um langan veg á tónleika enda bera margir hlýjar taugar til Strandarkirkju, sem er þekkt áheitakirkja og þar þykir vera sérstakur kraftur til hjálpar og bænheyrslu. Kirkjan er einstaklega hljómfögur og því ljúft að njóta þar tónlistarflutnings og drekka í sig sögu og anda kirkju og staðar.

Á opnunartónleikum hátíðarinnar koma fram Björg Þórhallsdóttir sópran, sem er jafnframt stofnandi og listrænn stjórnandi hátíðarinnar, Kristín Sveinsdóttir Mezzósópran, Elísabet Waage

hörpuleikari, Hrefna Berg Pétursdóttir fiðluleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti. Yfirskrift tónleikanna er Gullregn og gersemar en á efnisskránni eru ýmsar þekktar innlendir sem erlendar gersemar úr heimi tónlistarinnar. Þar má finna tónskáld eins og Sigfús Einarsson, Markús Kristjánsson, Sigfús Halldórsson, Pál Ísólsson, Grieg, Strauss, Mendelssohn-Bartholdy, Mozart o.fl.

Aðgangseyrir er kr. 5.000 / 4.500 og miðasala er við innganginn.

Að loknum tónleikum gefst tónleikagestum tækifæri á að kaupa úrvals kaffiveitingar hjá Guðrónu í Pylsuvagninum.

Tónlistarhátíðin fer fram í júlímánuði og eru tónleikar alla sunnudaga kl. 14.



## Ljóð vikunnar

## LJÓÐAFRÆ

Hvert ljóð er aðeins lítið fræ,  
líf sem andar og bíður birtu.

Þar sem augu og hugur hvílast,  
brumar það í gleði og ást, í tíma og rúmi.

Hvar verður það gróðursett? Hvar mun það vaxa?  
Hvenær, sem þú vilt, mun það skjóta rótum.

Svo sem kaktus blómstrar í eyðimörk,  
lífir ljóð hvar sem er.  
Það fýkur létt eins og fjöður  
og berst með minnstu golu.  
Það festir jafnvel rætur  
í örsmáu sandkorni.

Lokaðu augunum, dragðu andann  
og lágvært hvísl ljóðs mun berast til þín.

Í garði sálar þinnar  
sérðu það blómstra skært.

Þetta er í þínum höndum, valið er ljóst,  
gróðursettu fræ og ljóð mun blómstra.

Yang Geum-hee, Kóreu

# Lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima á Selfossi

Heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að loka hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á Selfossi og er hugmyndin að heilsugæslan fái þar aðstöðu. Hefur aðstandendum vistmanna hjúkrunarheimilisins þegar verið tilkynnt þessi ákvörðun.

Hér er um 20 vistmenn að ræða og hvert á þetta fólk að fara? Það verður sjálfsagt allur gangur á því. Einhverjir munu fara á Fossheima eða Móberg á HSU á Selfossi, á meðan aðrir verða fluttir hreppaflutningum í önnur sveitarfélög og þá aðrar sýslur. Þetta er eins og blaut tuska framan í þetta fólk og aðstandendur þeirra. Þetta fólk, sem hefur búið hérna í héraðinu og notað starfskrafta sína til að byggja það upp, vill eðlilega dvelja síðustu árin sín í sinni heimabyggð og þá sem næst sínum aðstandendum.

Íbúum héraðsins hefur fjölgað mjög hratt á sl. árum, hefur t.d. íbúum Árnassýslu fjölgað um helming á sl. tíu árum eða úr 16 þúsund íbúum í um 24 þúsund. Sveitarfélagið Árborg er stærsti þéttbýlis- og þjónustukjarni Suðurlands, þar sem um helmingur íbúa Árnassýslu býr, hefur íbúum fjölgað úr 8 þúsund í tæp 13 þúsund á sl. tíu árum.

Á sama tíma og íbúum sýslunnar hefur fjölgað um helming á sl. tíu árum þá hefur fjöldi hjúkrunarryma í sýslunni staðið í stað. Á þessu tímabili hafa eftirfarandi hjúkrunarheimili verið starfrækt í sveitarfélaginu Árborg: Ljósheimar, Fossheimar og Sólvellir með alls 20 hjúkrunarrymi hvert. Ennfremur hafa verið til staðar um 100 rými á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði. Á þessu tíu ára tímabili hefur tveimur hjúkrunarheimilum verið lokað í sýslunni og eitt nýtt byggt, sem hefur svipaðan fjölda hjúkrunarryma og þau hjúkrunarheimili sem lokað var. En hjúkrunarheimilinum að Kumbrovogi á Stokkseyri og á Blesastöðum á Skeiðum með alls 64 rýmum var lokað árið

2017. Þá var hafist handa við byggingu hjúkrunarheimilisins Móbergs við HSU á Selfossi með alls 60 hjúkrunarrymum og það tekið í notkun fyrir fjórum árum eða árið 2022. Þannig er ekki hægt að réttlæta það, að á meðan fjöldi hjúkrunarryma í sýslunni hefur staðið í stað á sl. tíu árum og íbúum hennar hefur fjölgað um helming, að skerða hjúkrunarrymin um 20% og þá í stærsta þjónustukjarna Suðurlands og það sérhannað og nýlega byggt húsnæði.

Það er ekki forsvaranlegt og lítil virðing fyrir verðmætum að forna nýlega byggðu hjúkrunarheimili, sem byggt var sem hjúkrunarheimili og tekið í notkun 2008. Hjúkrunarheimilið var sérsaklega hannað að þörfum slíkrar starfsemi eins og t.d. með sleðum í loftum fyrir lyftur, matsalur og setustofa eru í miðju rýmum og herbergi vistmanna þar í kring. Auk þess er garðskáli í vesturenda húsnæðisins. Allt hin ágætasta hönnun að mínu mati. Þessu á að forna fyrir heilsugæsluna, sem á að fara í þetta rými. Af hverju er heilsugæslan hærra sett en hjúkrunarheimilið Ljósheimar?

Fyrir nokkrum vikum eða í byrjun maí tók Inga Sæland mennta- og barnamálaráðherra skóflustungu að nýrri viðbyggingu við hjúkrunarheimilið Ás í Hveragerði. Með þessari viðbyggingu og öðrum breytingum á hjúkrunarheimilinu mun hjúkrunarrymum þar fjölga um 27, úr 111 í 128. Þessi fjölgun hjúkrunarryma í Hveragerði er fagnaðarefni, en það afsakar ekki lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima á Selfossi. Hveragerði er annað sveitarfélag en sveitarfélagið Árborg og fólksfjöldi þess aðeins um þrjú þúsund manns eða um fjórðungur þess fjölda sem býr í sveitarfélaginu Árborg. Það er sveitarfélagið Árborg sem er aðal þjónustumiðstöð Suðurlands og vegna þjónustunnar þar hafa íbúar í nágrennasveitum flust til sveitarfélagsins. Það að leyfa sér að loka hjúkrunarheimilinu

Ljósheimum og skerða þannig fjölda hjúkrunarryma í sveitarfélaginu um 20% er óafsakanlegur gjörningur. Á meðan þetta virðist vera að raungerast eru margir tugir einstaklinga á biðlista.

Þá er rétt að benda á það að hin fyrirhugaða stækkun við HSU á Selfossi, sem verður um 5200 m<sup>2</sup> að stærð, verður byggð fyrir norðan austurálmú heilsugæslunnar, þ.e.a.s. norðan við eldra húsið, og mun tengjast henni með tengibyggingu. Þannig mun væntanleg nýbygging ekkert tengjast núverandi hjúkrunarálmú, þar sem hin nýlegu hjúkrunarheimili, Fossheimar og Ljósheimar, eru til húsa. Fyrirhuguð nýbygging á m.a. að hýsa legudeild, bráðamóttöku, fæðingarþjónustu, myndgreiningu og sjúkrabílamóttöku.

Ekkert hefur heyrst frá bæjarstjórn Árborgar varðandi þessa fyrirhuguðu lokun á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á HSU á Selfossi. Ætlar hún ekki að standa vörð um réttindi eldra fólks og eigin skyldur í byggðarlaginu og nágrennabyggðum þess og stöðva þennan gjörning?

Að lokum vil ég benda þeim



á, sem vilja mótmæla lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima að þeir geta skrifað nafn sig á eftirfarandi undirskrifalista á vefsíðunni Island.is: Mótmælum lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima.

Aldís Sigfúsdóttir, verkfræðingur

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulagsbreytingar:**

### 1. Hásteinsvegur 30 - Deiliskipulagsbreyting:

Tillagan felur í sér breytingu á deiliskipulagi vegna Hásteinsvegar 30 á Stokkseyri. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja á lóðinni allt að fimm stakstæð tveggja hæða timburhús innan byggingarreita sem koma fram á skipulagsupprætti. Fjórir byggingarreitir eru staðsettir í röð við syðri hluta lóðar og einn við norðurhluta nær Hásteinsvegi. Byggingar á syðri hluta lóðar skulu vera tvíhalla með mænistefnu skv. skipulagsupprætti en sú sem stendur á nyrðri hluta má vera tvíhalla eða með valmaþaki. Nota skal byggingarefni sem samræmast heildarhugmyndafræði tillögunar, þ.e. að klæðningar veggja verði úr timbri og þak verði annaðhvort bárujárn í náttúrulegum ál-lit eða timburklæðning. Áhersla skal lögð á lágreista byggð, einföld húsform, náttúruleg efni og að byggðin falli að sögulegu byggðarmynstri og landslagi Stokkseyrar. Ekki eru gerðar breytingu á lóðarstærð eða hámarks nýtingarhlutfalli samkvæmt núverandi deiliskipulagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir raðhúsi og bílskúrum.

**Samkvæmt 2.mgr. 36. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:**

### Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breyting á skilmálum vegna vatnasvæða V1

Tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Árborgar tekur til skilmála innan kaffla um vatnasvæði V1. Breytingu þessari er ætlað að taka sérstaklega til stefnumörkun er varðar svæði ÖN4 (nr.775), ÖN5 (nr.776) og ÖN6 (nr.777) og vernd þeirra vistkerfa sem þar eru í dag.

Núverandi skilmálar: Stærstu ár og vötn, Heimilt er að stunda veiði í ám og vötnum. Áhersla er á vernd vistkerfa og fjölbreytni tegunda.

Breyttir skilmálar: Stærstu ár og vötn, Heimilt er að stunda veiði í ám og vötnum. Áhersla er á vernd vistkerfa og fjölbreytni tegunda. Heimilt er að viðhalda þeim svæði sem skilgreind eru á náttúruminjaskrá með viðeigandi aðgerðum svo sem með fyrirstöðum og/eða stíflum til að hægja á rennsli með það að markmiði að viðhalda og/eða bæta núverandi vistkerfi og vatnsstöðu þessara svæða. Allar slíkar aðgerðir eru háðar umsögn mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar auk Flóaaáveitu.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefsíðunni www.arborg.is og á www.skiplagsgatt.is

Skiplagsstillagan er í auglýsingu frá 2. júlí 2026, til og með 14. ágúst 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skiplagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 14. ágúst 2026.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærnanleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,  
Vígfús Þór Hróbjartsson  
skiplagsfulltrúi

## Lúkas Aron í lokahópi U20 landsliðs Íslands í körfubolta

Hvergerðingurinn Lúkas Aron Stefánsson hefur verið valin í lokahóp U20 ára landslið karla í körfubolta, en liðið mun taka þátt í Evrópumóti sem fram fer í Bratislava í Slóvakíu dagana 8.–20. júlí næstkomandi.

Lúkas, sem æfir með Hamri, hefur sýnt góða frammistöðu á síðustu misserum og er valið í hópinn mikilvægt skref í hans íþróttuferli.

Mótið í Bratislava er eitt af stærstu verkefnum sumarsins fyrir liðið, þar sem sterkustu leikmenn Evrópu í aldursflokknum koma saman

til keppni. Spennandi verður að fylgjast með íslenska liðinu og framgöngu Lúkasar Arons á mótinu.



**BRAG AF VINÁTTU!**

*Josera*

**Fæst hjá**  
**BYKO Selfossi**

**Ökukennsla**

Sniðið að þörfum hvers og eins.  
Kennsla á íslensku eða ensku.

Hafðu samband í **897 4693**  
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**  
„Með þér alla leið“

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**

**LAGNIR**

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

*Far sem  
fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

**GB Hús**  
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN  
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

**848 0964 899 0979**  
GÍSLI ÖRN

**GBHUS@GBHUS.IS**

**FÁÐU TILBOÐ  
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964  
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

**SÓLPALLUR**  
Fagmennska - Gandi - Áreiðanteiki

**LAGNALAND**

**ÁREIÐANLEGIR  
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi  
lagnaland@lagnaland.is

**LAGNALAND EHF.**

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**LÖGGILTUR  
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575  
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575  
**800 SMÍÐI**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

**Lagnir og Lausnir ehf**  
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta  
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919  
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR  
20 ÁRA  
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum  
Myndun lagna  
Rótarskurður o.fl.**

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

VIÐ ELSKUM  
STÍFLUR!

**STÍFLULOSANIR**  
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR  
SÓNUM ÚT LAGNIR  
LAGNAFÓÐRUN  
ROTÞRÆR  
FITUGILDRUR  
SANDGILDRUR  
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR  
HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA  
OG SÉRÞEKING  
Á FRÁVEITUMÁLUM

**510 1180 - 669 8441**

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**prentmet.toddi**  
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur  
Límiðar Stimplar

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is  
www.prentmetoddi.is

**Raflagnir  
Tölvulagnir  
Ljósleiðaralagnir**

**TRS**

Gagnheiði 26, Selfoss  
480 3300 ■ www.trs.is